


Gildandi aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033, samþykkt. 05.07.2023. Mkv. 1:5000



Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, þéttbýlisuppráttur í nóvember 2023. Mkv. 1: 5000

## GREINARGERÐ

Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033 var staðfest þann 5. júlí 2023. Mýrdalshreppur hefur ákveðið að gera nýja breytingu á þéttbýlisupprætti. Lýsing þessi er lögð fram í samræmi við 30. gr. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Viðfangsefni breytingarinnar eru að stækka reit IB7 (íbúðarbyggð) á kostnað reit VP6 (verslun og þjónusta) og um leið auka byggingarmagn innan reitsins. Einnig verður stofnuð lóð fyrir samfélagsþjónustu innan reits VP7. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni verður unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

Í gildandi greinargerð kemur fram að Tjaldsvæði í Vík (VP6) sé 9,1 ha, hafi 40 gistirými og hámarks byggingarmagn sé 6.600m<sup>2</sup>. Íbúðarsvæðið, Austurluti (IB7) er 2,8 ha og fjöldi lóða sé 15.

Breytingin fjallar um stækkun á reit IB7, Austurluti á kostnað reit VP6, Tjaldsvæði í Vík. Reitur IB7, Austurluti stækkar úr 2,8 ha í 3,3 ha. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu eins og kemur fram í núv. skipulagsgreinargerð. Fjöldi íbúða fjölgar úr 65 í 85 íbúðir á einni lóð. Reitur VP6, Tjaldsvæði í Vík minnkar úr 9,1 ha í 7,8. Verður þar ýmis þjónusta sem tengist rekstri tjaldsvæðis svo sem allt að 8 lítil gistihús, þjónustuhús, hámarks byggingarmagn 10.000 m<sup>2</sup> og fjöldi gistirýma 40. Breytingin kemur að því að sveitarfélagið sér það sem góðan kost að geta stækkað íbúðarsvæðið IB7 og þannig gert ráð fyrir fleiri íbúðum sem tengjast þjónustureitum en mikill skortur er á minni íbúðum í sveitarfélaginu. Stofnaður verður nýr reitur fyrir samfélagsþjónustu S6 sem verður einnig á kostnað reit VP6, Tjaldsvæði í Vík. Reitur S6 verður 0,8 ha á stærð og ætlaður fyrir hjúkrunarheimili, þjónustu aldraðra o.fl.

Tölur eftir breytingu:

Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Fjöldi gistirúma:	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>				
VP6	Tjaldsvæði í Vík	Núverandi tjaldsvæði. Ýmis þjónusta sem tengist rekstri tjaldsvæðis svo sem allt að 8 lítil gistihús og þjónustuhús. Hámarks byggingarmagn 6600 m <sup>2</sup> .	40	7,8

Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Fjöldi íbúða		Stærð (ha)	Fjöldi lóða	Óbyggðar lóðir
			Núverandi	Hámark			
IB7	Austurluti	Strandvegur 1-15 / 2-30, Klettsvegur 2-12, Sléttuvegur 1-3. Byggingar verði að hámarki 2 hæðir með 7 m mænishæð og skulu byggðar á steyptri botnplötu.	19	85	3,3	16	4

Nr.	Heiti	Lýsing & Skilmálar	Stærð (ha)
<b>Þéttbýli</b>			
S6	Lóð fyrir hjúkrunarheimili og þjónustu aldraðra	Hjúkrunarheimili, íbúðir aldraðra, rafstöð o.fl.	0,8

## FERILL VERKEFNIS

Eftirfarandi eru drög að tímaferli og er það birt með fyrirvara um breytingar.

- Lýsing aðalskipulagsbreytingar afgreidd af skipulags- og byggingarnefnd Mýrdalshrepps og samþykkt í sveitastjórn:
- Lýsing er send til umsagnar Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila:
- Lýsing er kynnt almenningi og hagsmunaaðilum:
- Tillaga kynnt skipulags- og umhverfisráði og sveitastjórn:
- Tillaga kynnt íbúum fyrir samþykkt til auglýsingar:
- Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun:
- Staðfesting aðalskipulags:

Áætlaður tími

Nóvember 2023.

Nóvember 2023.

Nóvember/desember 2023.

Janúar 2024.

Janúar 2024.


Febrúar/mars 2024.

Apríl 2024.

Hugmyndir og tillögur verða kynntar yfirvöldum og hagsmunaaðilum með auglýsingu og kynningu í samræmi við ákvæði skipulagslaga. Helstu umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun.
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.
- Minjastofnun Íslands.
- Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar á skipulagssvæðinu.

Eftir samþykkt sveitastjórnar á fullunninni tillögu er hún auglýst í B-deild Stjórnartíðinda til staðfestingar í samræmi við lög.



Gildandi Aðalskipulag Mýrdalshrepps 2021-2033. Mkv. 1:50.000

## SKÝRINGAR

### Byggð

- Landbúnaðarsvæði L1-L4
- Íbúðarbyggð (IB)
- Miðsvæði (M)
- Verslun og þjónusta (VP)
- Samfélagsþjónusta (S)
- Athafnarsvæði (AT)
- Iðnaðarsvæði (I)
- Fristandarbyggð (F)
- Íþróttasvæði (ÍÞ)
- Kirkjugarðar og grafreitir (K)
- Opð svæði (OP)
- Vötn, ár og sjór (V)
- Veitur og helgunarsvæði (VH)

### Verndarsvæði

- ⊗ NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI
- ⊗ Hverfisvernd vegna náttúru- og menningarminja (HV)

### Veitur

#### RAFVEITA

- ⊗ Háspennulínur 132 kV
- Raflínur 11kV til skýringar
- ⊕ Ljósleiðari - Ofan/neðanjarðar

### Samgöngur

- == Stofnvegur (veghelgunarsvæði)
- Tengivegir
- Aðrir vegir (til skýringar)
- GL/HL Göngu- og/eða hjólaleiðir
- Reiðleiðir (til skýringar)
- Undirgöng - (til skýringar)
- Varnargarðar

- Mörk breytingar

BR, DAGS, BREYTING, REKNI, TEKN.

MÝRDALSHREPPUR  
Austurvegur 17, 870 Vík, 23 487 1200

LANDMÖTUN • HAMRABORG 12 • 200 KÖPNINGUR • SÍ 575 5300 • KT, SÍ 1204 2760 • NETP: landmotun@landmotun.is

AÐALSKIPULAG MÝRDALSHREPP 2021-2033  
LÝSING FYRIR BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI  
SVÆÐI IB7, VP6 OG S6

SKIPULAG: M0 SAMBYKKT  
TEKNAÐ: BMR KT  
KVARDÉL: 5000-A2 KÖPNINGUR  
VERKNR. TEKN. NR. DAGS: 06.11.2023  
BR. 8508-SA1902B 00